

Sp.

384. Fyrirspurn

[170. mál]

til ríkisstjórnarinnar um starfsfræðslu.

Frá Karli Kristjánssyni, Jóni Árnasyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Hafa ekki tekizt samningar, sem fyrirhugaðir voru, milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um samvinnu í starfsfræðslu — og þá hvers vegna?
2. Hvað hefur atvinnumálaráðuneytið gert til þess að tryggja nauðsynlegt framhald og aukningu starfsfræðslu utan Reykjavíkur?